

23. fundur í Öldungaráði haldinn í Hraunseli

14. febrúar 2023 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Helga Ragnheiður Stefánsdóttir, Valgerður Guðmundsdóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

Fjarverandi:

Ritari: Elín Ósk Baldursdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lögð fram og samþykkt. Eina athugasemdin sem kom fram var að viðhengin sem voru send með inn í fjölskylduráðið skiluðu sér ekki alla leið.

2. Frá fundi fjölskylduráðs 24. janúar sl. 1. liður dagskrár þar sem m.a. var vísað til Öldungaráðs.

„Sjöfn Guðmundsdóttir mætir til fundar og kynnir minnisblað um fjölgun funda í ráðgjafaráði.“ Öldungaráð gagnrýnir að kynnt hafi verið minnisblað um fjölgun funda þegar ekki var búið að biðja um það. Ávallt hefur verið haldið sig innan marka varðandi fjölda funda hjá Öldungaráði en öll notendaráð ættu að vera undir sama hatti hvað varðar fjölda funda. Árið 2022 voru níu fundir. Þar af voru tveir varðandi akstursþjónustuna. Skv. gildandi reglum frá 2019 fyrir Öldungaráð stendur að það eigi að vera mánaðarlegir fundir og fleiri ef þurfa þykir. Hvar er fjallað um þessa sjö fundi sem ítrekað er búið að vísa í ?

Vegna framlagningu minnisblaðs í Öldungaráði er gagnrýnt að ekki séu kynnt fyrir formanni Öldungaráðs slík skjöl þegar þau eru lögð fyrir ráðið til upplýsinga eða afgreiðslu.

Öldungaráð mun fara yfir reglur ráðsins.

3. Nýr forstöðumaður

Til fundarins var boðuð nýr forstöðumaður stuðningsþjónustu eldri borgara, Elín Ósk Baldursdóttir sem tekur einnig við sem ritari ráðsins. Herdís Hjörleifsdóttir var einnig boðuð til fundar en komst ekki vegna persónulegra ástæðna. Herdís er þakkað gott og árangursríkt samstarf í gegnum tíðina. Elín Ósk er boðin velkomin.

4. Heimasíða Hafnarfjarðarbæjar

Fundargerðir Öldungaráðs eru frá árunum 2018 og fram eftir árinu 2022 vistaðar undir fundargerðir Öldungaráðs á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Frá þeim tíma hafa fundargerðirnar verið settar fram undir Fjölskylduráði. Á heimasíðu Hafnarfjarðar er eins og Öldungaráð fundi ekki lengur. Betra er að taka fundargerðirnar út og tilkynna að þær séu birtar sem viðhengi undir Fjölskylduráði.

Viðstaddir eru sammála um að senda Fjölskylduráði formlegt erindi og óska eftir því að fundargerðir Öldungaráðs verði birtar á heimasíðu Félags eldri borgara í Hafnarfirði.

5. Önnur mál

Rætt um hvort eitthvað væri hægt að gera í sambandi við heimaþjónustuna.

Öldungaráði hefur verið tjáð að starfsmannamál séu erfið þar eins og er og eru hafðar áhyggjur af því. Rætt um að ef eldra fólk eigi að geta verið heima sem lengst þurfi að gæta þess að heimaþjónustan hafi mannskap svo hægt sé að sinna þjónustuþegum.

Einnig var rætt um starfsmannamál í Hraunseli.

Einnig var rætt um tengslin minni Hraunsels og heimaþjónustunnar og hvernig væri hægt að efla þau. Fá starfsmenn til þess að fylgja fólki í Hraunsel og kynna það fyrir starfseminni þar, reyna að minnka líkur á að fólk sé einmana og/eða einangrað.

Verkefnið „brúkum bekk“ ákveðið hafi verið að fá grunnskólana í lið með sér. Verið að skoða hvar það mál stendur.

Í undirbúningi að fara á Hjallabrautina að borða og skoða aðstæður í framhaldi af umræðum í Öldungaráði. Skoða það að fara 28 febrúar á þriðjudegi. Panta mat fyrir hópinn áður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45